FJÁRMÁLA- OG
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

LÖG UM BREYTINGU Á ÝMSUM LÖGUM TIL AÐ STYÐJA VIÐ FJÁRMÖGNUN OG REKSTUR NÝSKÖPUNARFYRIRTÆKJA OG SMÆRRI FYRIRTÆKJA Í VEXTI

Samþykkt á Alþingi 2. júní 2016

Steinar Örn Steinarsson og Ingibjörg Helga Helgadóttir

MARKMIÐ OG MEGINEFNI LAGANNA

- Markmið laganna er að bæta samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja auk stuðnings við nýsköpun og þróun.
- Skattlagning á kauprétti hlutabréfa.
- Skattlagning breytanlegra skuldabréfa.
- Skattaleg ívilnun til erlendra sérfræðinga.
- Hækkun viðmiðunarfjárhæða frádráttar vegna rannsókna- og þróunarkostnaðar nýsköpunarfyrirtækja.
- Leiðrétting á veltuviðmiði við skilgreiningu lítilla fyrirtækja og tilvísun í nýja reglugerð.
- Skattafsláttur vegna hlutabréfakaupa.

SKATTLAGNING Á KAUPRÉTTI HLUTABRÉFA

- Meginregla að litið er á mismun á kaupverði samkvæmt kaupréttarsamningi og gangverði bréfanna þegar kaupréttur er nýttur sem starfstengda launagreiðslu og sætir hún sömu skattalegri meðferð og aðrar launagreiðslur. Kom fyrir gildistöku laganna til skattlagningar þegar kaupréttur var nýttur.

- Frá gildistöku laganna er skattlagningu hins vegar frestað þar til bréfin eru seld og rétthafa kaupréttarins því ekki lengur skylt að greiða tekjuskatt við innlausn bréfanna.

SKATTLAGNING BREYTANLEGRA SKULDABRÉFA

- Hagnaður eiganda breytanlegra skuldabréfa, sem breytt er í hlutabréf á lægra verði en gildir almennt á markaðnum, hefur fram að gildistöku laganna verið skattlagður við nýtingu breytiréttarins.

- Frá gildistöku laganna verður skattlagningunni frestað fram að sölu hlutabréfanna, í tilviki einstaklinga utan rekstrar.

SKATTLAGNING ERLENDRA SÉRFRÆÐINGA

- Frádráttarheimild fyrir erlenda sérfræðinga sem ráðnir eru til starfa hér á landi þannig að einungis 75% tekna þeirra verða skattskyldar.
- 25% tekna verða því skattfrjálsar og undanþegnar staðgreiðslu fyrstu þrjú árin í starfi að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.
- Eftir sem áður er tryggingagjald og lífeyrisiðgjöld greidd af heildarlaunum án tillits til 25% frádráttarins. Sama gildir um greiðslur barna- og vaxtabóta.
- Sjálfstæð nefnd mun fara yfir skriflegar umsóknir og staðfesta eða hafna því að tiltekinn erlendur sérfræðingur uppfylli skilyrði ákvæðisins fyrir frádrætti frá tekjuskattsstofni.
- Gildir frá og með 1. janúar 2017.
- Mun laða erlenda sérfræðinga að störfum hér á landi og þá sérstaklega í tækni- og rannsóknarfyrirtækjum og háskólasamfélaginu.

HÆKKUN VIÐMIÐUNARFJÁRHÆÐA FRÁDRÁTTAR VEGNA RANNSÓKNAR- OG ÞRÓUNARKOSTNAÐAR NÝSKÖPUNARFYRIRTÆKJA.

- Hámark á rannsóknar- og þróunarkostnaði til almennrar viðmiðunar á frádrætti hækkar úr 100 millj. kr. í 300 millj. kr.

- Hámark á rannsóknar- og þróunarkostnaði til viðmiðunar frádrætti hækkar úr 150 millj. kr. í 450 millj. kr. þegar um aðkeypta rannsóknar- og þróunarþjónustu er að ræða frá ótengdu fyrirtæki, háskóla eða rannsóknastofnun.

LEIÐRÉTTING Á VELTUVIÐMIÐI VIÐ SKILGREININGU LÍTILLA FYRIRTÆKJA OG TILVÍSUN Í NÝJA REGLUGERÐ.

- Veltuviðmið laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, nr. 152/2009 og laga um ívilnanir til nýfjárfestinga á Íslandi, nr. 41/2015, við skilgreiningu á litlum fyrirtækjum var ekki rétt.

- Samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008 frá 6. ágúst 2008, er miðað við að árleg velta þeirra sé undir 10 milljónum evra og/eða efnahagsreikningur undir 10 milljónum evra en ekki 2 milljónum evra eins og lögin tiltóku.

- Þá var tilvísun í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar breytt þar sem ný reglugerð hefur leyst þá eldri af hólmi.

SKATTAFSLÁTTUR VEGNA HLUTABRÉFAKAUPA

- Einstaklingar sem bera takmarkaða og ótakmarkaða skattskyldu hér á landi og sem fjárfesta í félögum sem uppfylla tiltekin skilyrði munu geta dregið frá tekjuskattstofni sínum 50% af fjárfestingunni.
- Breytingin tekur til álagningar opinberra gjalda á árunum 2017, 2018 og 2019 vegna fjárfestinga á árunum 2016, 2017 og 2018.
- Fjárfesting einstaklingsins þarf að uppfylla ákveðin skilyrði sem eru m.a.: **1)** að fjárfesta fyrir að lágmarki 300 þús. kr. en ekki er veittur frádráttur vegna heildarfjárfestinga umfram 10 millj. kr. á ársgrundvelli, **2)** sýna þarf fram á að fjárfesting einstaklings í tilviki hlutafjáraukningar hafi verið að fullu greidd, **3)** einstaklingurinn sem fjárfestir má ekki vera tengdur félaginu eða félagasamstæðum þess á ákveðnu tímabili, þ.e. tveimur árum fyrir og þremur árum eftir skráða hlutafjáraukningu.
- Einstaklingurinn þarf að halda hlutabréfunum sínum í a.m.k. þrjú ár frá tímamarki fjárfestingarinnar.

SKATTAFSLÁTTUR VEGNA HLUTABRÉFAKAUPA

- Félagið þarf að uppfylla eftirtalin skilyrði: **1)** vera stofnsett á Íslandi eða öðrum EES-ríkjum, EFTA-ríkjum eða Færeyjum ef þau eru með fasta starfsstöð á Íslandi, **2)** ekki vera með fleiri en 25 starfsmenn og vera með árlega veltu undir 650 millj. kr. og/eða efnahagsreikning undir því marki, **3)** greiðslum á öllu lágmarkshlutafé vegna stofnunar félags þarf að vera lokið, **4)** ekki hafa verið skráð á skipulegan verðbréfamarkað, **5)** ekki hafa verið starfandi á markaði lengur en sjö ár frá fyrstu sölu þess í viðskiptalegum tilgangi, **6)** rekið í hagnaðarskyni, **7)** ekki vera í fjárhagsvanda, **8)** íslenska ríkið má ekki eiga útistandandi kröfu á félagið vegna ólögmætrar ríkisaðstoðar, **9)** skilað ársreikningi, **10)** sýna fram á að andvirði hlutafjáraukningarinnar verði notað í þágu viðskiptastarfsemi þess, **11)** hlutafjáraukning má ekki fara yfir ákveðið hámark.
- Félög í ákveðinni starfsemi eru jafnframt undanskilin skattafsláttarkerfinu. Ólíkar ástæður búa að baki því að ekki er talin ástæða til að hveta til og styrkja fjárfestingar í ákveðnum atvinnugreinum en nefna má t.d. starfsemi sem felst í viðskiptum með fasteignir og útleigu fasteigna eða lausafjár, starfsemi eignarhalds- og fjárfestingarfélaga og starfsemi sem felst í kvikmyndaframleiðslu.
- Ríkisskattstjóri fylgist með því að félagið hafi uppfyllt þessi skilyrði og má skjóta ákvörðun hans til yfirskattanefndar.

FJÁRMÁLA- OG
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Takk fyrir

www.fjr.is | twitter.com/MoFIceland